

Franskar kvikmyndir

Áfangalýsing og kennsluáætlun

Námsefni:

Engin kennslubók er notuð í áfanganum en nemendur geta reiknað með að þurfa einu sinni eða tvisvar á önn að leigja sér mynd á videoleigu eða Amtsbókasafni og þurfa nemendur að standa undir þeim kostnaði sjálfir í stað þess að kaupa kennslubók.

Í áfanganum verður Moodle notað til að miðla og safna saman gögnum og munu nemendur einnig geta nálgast ítarefni þar. Reiknað er með virkri notkun nemenda á Moodle.

Áfangalýsing:

Frönsk kvikmyndasaga verður skoðuð út frá mismunandi tímabilum allt frá fyrstu kvikmynd Lumière bræðra til dagsins í dag. Fjallað verður um helstu strauma og stefnur, leikstjóra, leikara og kvikmyndir hvers tímabils fyrir sig. Nemendur eiga að vinna fjölbreytt verkefni úr hverju tímabili og kafa þannig dýpra ofan í efnið.

Tímabilin sem tekin verða fyrir eru:

1. Upphaf kvikmyndagerðar og þróunin fyrstu áratugina (1896-1958)
2. Framfarir í kvikmyndagerð og La Nouvelle Vague (1958-1975)
3. Le cinéma relatif – listrænar og ádeilumyndir (1975-1994)
4. Kvikmyndir í stöðugri þróun (1994-2010)

Áfangamarkmið:

Nemendur

- fá innsýn í sögu franskra kvikmyndagerðar
- þekki helstu strauma og stefnur frá upphafi kvikmyndagerðar
- þekki helstu leikstjóra og leikara Frakka
- fá innsýn í franskan menningarheim og hvernig franskir kvikmyndir eru ólíkar t.d. bandarískum
- þjálfist í að afla sér upplýsinga á interneti og í bókum
- þjálfist í uppsetningu og flutningi fyrirlestra
- þjálfist í að gagnrýna kvikmyndir
- læri að skipuleggja glósur sínar og gera úr þeim hugarkort

Námsmat:

4 verkefni (10% hvert)	40%
Próf (seinnihluta annar)	25%
Vinumappa	25%
Vinnueinkunn	10%

Nemendur vinna fjögur verkefni á önninni og verða þau að mestu unnin í kennslustundum. Þau eru einn fyrirlestur, tvö skrifleg verkefni og eitt með frjálsri framsetningu. Gögnin úr þessum verkefnum eiga nemendur að setja inn á Moodle svo þau verði aðgengileg öðrum nemendum áfangans vegna þess að það efni er líka til prófs. Prófið verður seinni hluta annar upp úr því efni sem fjallað hefur verið um á önninni.

Nemendur skila vinnumöppu í lok annar þar sem öll gögn áfangans eiga að vera. Uppsetning möppu er nemendum frjáls en í henni þarf að vera a.m.k. eftirfarandi:

- Allar glósur og glærur
- Hugarkort, eitt eftir hvert tímabil og eitt stórt í lokin (þetta stóra má taka með í prófið en þetta verður allt útskýrt nánar)
- Kvikmyndagagnrýni
 - Eftir hverja mynd sem við horfum á í tíma fyllið þið út blað
 - Aðrar myndir eða þættir sem þið sjáið á önninni
- Blaðgreinar eða annað efni um franskar kvimyndir, leikara eða leikstjóra sem þið rekist á á önninni
- Öll verkefni sem þið vinnið

Kennsluáætlun:

Vika	Dags.	Efni	Skil/próf
1	15.-16./9	Upphaf kvikmyndagerðar og þróunin fyrstu áratuginna (1896-1958)	Fyrirlestur 10%
2	19.-23./9		
3	26.-30./9		
4	3.-7./10	Framfarir í kvikmyndagerð og La Nouvelle Vague (1958-1975)	Hópverkefni – frjáls framsetning 10%
5	10.-14./10		
6	17.-21./10		
7	26.-28./10	Le cinéma relatif – listrænar og ádeilumyndir (1975-1994)	Skriflegt verkefni 10%
8	31./10-4./11		
9	7.-11./11		
10	14.-19./12	Kvikmyndir í stöðugri þróun (1994-2010)	Skriflegt verkefni 10%
11	21.-25./11		
12	28./11-2./12		
13	5.-10./12	Prófundirbúningur og próf	Próf 25%
14	12.-16./12	Frágangur möppu og áhyggjulaust áhorf	Vinnumappa 25%
15	4.-6./1 9.-10./1		

Með fyrirvara um breytingar og óskum um gott samstarf
 Anna Eyfjörð Eiríksdóttir (anna@ma.is)